

Minnisblað

Til: Íþrótt- og tómstundarnefnd
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 1. desember 2020
Mnr. 2020050033



ÍSAFJÖRÐARBÆR

Minnisblað - Íþróttamannvirki gjaldskrá

Sviðsstjóri skóla- og tómstundarsviðs, fjármálastjóri og forstöðumaður skíðasvæðis hafa nú farið ítarlega yfir gjaldskrá íþróttamannvirkja með það í huga að einfalda hana með það að markmiði að hægt sé að bjóða upp á sölu sund- og skíðakorta í vefsölu og jafnframt til þess að augljóst sé hvaða afslættir séu veittir af árskortum og einfalda útsetningu á gjaldaliðum.

Gjaldskráin hefur verið einfölduð töluvert og liðum fækkað m.a. til að fækka villum við ósamræmi í afsláttum á milli vöruflokka. Í punktum eru þær breytingar sem hafa verið gerðar:

- Í staðin fyrir að hafa sér verðflokk ellilífeyrisþega og öryrkja, sem á nokkrum stöðum í gjaldskránni var á bilinu 26% af lægra en fullt verð og upp í að vera 81,3% lægra en fullt verð, þá er lagt til að ellilífeyrisþegar og öryrkjar fái 50% afslátt af aðgangi í sund, skíði og líkamsrækt.
- Í staðin fyrir að hafa sér verðflokk fyrir 3 daga, sem var einnig orðinn úr takt við upprunanlegan afslátt, er lagt til að ef leigt er í 3 daga eða fleiri sé veittur 20% afsláttur af leigu.
- Súperpassar og afsláttur fyrir hjón og fólk í sambúð, lagt er til að þessum gjaldaliðum sé lagt niður og í staðin sé veittur 20% afsláttur af vetrarkorti á skíði og af árskortum í líkamsrækt fyrir þá sem framvísa gildu árskortum í sund.
 - Ósamræmi var orðið í afsláttum á milli flokka, það er alltaf hættu á því þegar verðskráin er svona flókin og mörg verð samsett af ólíkum verðum.
 - Tekjuskiptingin verður ójöfn þegar t.d. sundlaugin á austurveg selur súperpassa þá fær skíðasvæðið ekki þær tekjur.
 - Bæta skíðum ofan á gild sundkort BOL dettur út – er samningur í gildi um 20% afslátt, jafnt gildir yfir alla.
 - Upp á borðum hver afsláttur sé
- Bætt inn í gjaldskrá: Keypt vetrarkort eru á ábyrgð kaupanda, svo sem veðurfar og lokanir vegna annarra óviðráðanlegra ástæðna/atvika veita ekki rétt til endurgreiðslu eða afsláttar.
- Bætt inn sem texta: Vetrarkort keypt á tímabili 1. nóv - 31. des er á 20% afsl.
- Bætt inn sem texta: Vetrarkort fyrir nema (mennta-, lýð- og háskóla) er á 25% afsl. gegn framvísun nemakorts
- Bætt inn sem texta: Allir skíðaiðkendur á alpa- og gönguskiðasvæði þurfa að kaupa sér vasakort, einnota eða fjölnota. Fjölnota kortin sem eru úr plasti kosta 1.000 kr er hægt að nota ár eftir ár og á önnur skíðasvæði annarstaðar á landinu. Einnota kortin eru úr pappír og kosta 350 kr. og er hægt að nota í nokkur skipti.
- Bæta þarf inn texta varðandi afslátt barna á skíðasvæði.
- Skíðavikupassinn: skilgreindur frá mánudegi til mánudags
- Para/hjóna/sambúðar afsláttur tekinn út

- 10 skipta sundkort, m.v. 30% afslátt af miðaverði, miðinn á 630
- 30 skipta sundkort, m.v. 45% afslátt af miðaverði, miðinn á 540
- Líkamsræktarkort 3 mánuðir, er á 6.900, ef miðað er við 15% afslátt af mánaðarkorti (2.800) þá ætti verðið að vera 7.140, ef 20% þá 6720. 1 skipti er á 550, ef miðað er við 21 dag þá er fullur mánuður á 11.550, miðað við 70% afslátt af því er mánuðurinn á 3.465.